

## Fundur fagráðs í nautgriparækt 18. apríl 2013 á Sveitasetrinu Gauksmýri í Húnaþingi vestra.

Mætt eru Guðný Helga Björnsdóttir, Sigurður Loftsson, Bragi L. Ólafsson, Þorsteinn Ólafsson, Gunnar Guðmundsson, Guðmundur Jóhannesson og Baldur Helgi Benjamínsson, sem ritaði fundargerð. Guðbjörg Jónsdóttir átti ekki heimangengt en var í síma. Fundur settur kl. 11.10.

**1. Umræður um skipan fagráðs.** Fulltrúar tilnefndir af LK eru Guðný Helga Björnsdóttir, Sigurður Loftsson og Þórarinn Leifsson. Fulltrúar tilnefndir af BÍ eru Guðbjörg Jónsdóttir og Guðmundur Jóhannesson. Fram kom tillaga um að Guðný Helga Björnsdóttir verði áfram formaður fagráðs og var hún samþykkt. Fram kom tillaga að Guðmundur Jóhannesson verði ritari fagráðs og var sú tillaga samþykkt. Í umræðum um skipan stuðningsfulltrúa komu fram vangaveltur um hvort þeir ættu að vera ætíð hinir sömu, eða hvort skipan þeirra skyldi að taka mið af erindum og fundarefni hverju sinni. Það er niðurstaða fagráðsins að meiri festa skapist í starfinu ef stuðningsfulltrúarnir eru ætíð hinir sömu. Einnig er hægt að óska eftir umsögnum fagaðila ef við á. Einnig var rætt hvort fagråd ætti að óska eftir tilnefningum stuðningsfulltrúa eða hvort viðkomandi stofnanir ættu að hafa sjálfðæmi um það. Niðurstaða fagráðs er að það telur eðlilegt að stofnanirnar tilnefni sína stuðningsfulltrúa sjálfar. Litið er svo á að upplýsingaflæði sé í báðar áttir, ekki síður frá fagráði til viðkomandi stofnunar. Ákveðið að óska eftir tilnefningu stofnananna um stuðningsfulltrúa til þriggja ára. Jafnframt ákveðið að framkvæmdastjóri LK verði áfram stuðningsfulltrúi fagráðs eins og verið hefur.

### 2. Afgreiðsla umsókna.

**Umsókn frá Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar (AFE) vegna metanverkefnis.** Afgreiðsla frestað og lagt til að fulltrúar AFE verði fengnir á næsta fund fagráðs til að fylgja verkefninu eftir og fara yfir stöðu þess.

**Umsókn frá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins vegna verkefnisins *Efling búrekstrar nautakjötsframleiðenda með makvissri ráðgjöf*.** Markmið verkefnisins er að bregðast strax við skorti á ráðgjöf til handa nautakjötsframleiðendum á Íslandi og að byggja upp þekkingu til frambúðar á sviði nautakjötsframleiðslu þannig að veita megi markvissa ráðgjöf til framleiðenda þar sem lögð er áhersla á að bæta rekstargrunvöll framleiðslunnar og auka þar með stöðugleika í greininn. Verkefnið kemur í beinu framhaldi af vinnu faghóps ráðherra að tillögum um eflingu nautakjötsframleiðslunnar og endurnýjunar á erfðaeefni holdanautastofnanna. Fagråd telur verkefnið mikilvægt skref hjá RML að taka frumkvæði í málinu og að einum ábyrgðarmanni verði falið að bera ábyrgð á því. Fagráðið er þeirrar skoðunar að rannsóknir á nautaeldi skorti, t.d. hvað varðar þauleldi gripanna. Fagråd ákveður að hvetja Landbúnaðarháskólann að hafa frumkvæði að slíku eldisverkefni. Talsverðar umræður um kjötmat á nautakjöti og stöðu þeirra mála. Ákveðið að styrkja verkefnið um 2.372.000 kr. Fagråd mælir einnig með að Framleiðnisjóður styrki þetta brýna verkefni einnig.

**3. Ályktanir aðalfundar Landssambands kúabænda 2013.** Ályktununum dreift til fagráðs en ákveðið að taka þær til umræðu á næsta fundi.

### 4. Önnur mál.

**a. Framsetning á fagefni nautgriparæktarinnar.** Möguleikar á framsetningu fagefnis fyrir nautgriparæktina eru takmarkaðir þegar Fræðaðing landbúnaðarins er ekki lengur fyrir hendi. Landsýn, ráðstefna Landbúnaðarháskólans og ársfundur fagráðs eru ágætur vettvangur svo langt sem þau ná en takmarkað hversu mikið er hægt að koma þar að af fagefni. Þeirri hugmynd varpað fram, að sameina ársfund fagráðs og fagrådstefnu nautgriparæktarinnar, sem haldin verði daginn fyrir aðalfund Landssambands kúabænda. Ráðstefnan verði opin áhugafólki um nautgriparækt. Með þessu móti gefst aðalfundarfulltrúum tækifæri til að sitja

fundinn, sem einnig verði í beinni útsendingu á netinu. Fagráð tekur jákvætt í hugmyndina. Gefur tækifæri til að koma niðurstöðum rannsókna á framfæri og yrði góður vettvangur til þess. Myndi einnig létt á aðalfundi LK og gefa meira færi á að ræða fagleg málefni kúabænda og nautgriparæktar. Framkvæmdastjóri LK vinni að framgangi málsins í tengslum við undirbúning aðalfundar LK 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.15.

Baldur Helgi Benjamínsson  
*Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda*